Jón Kristjánsson
Skipasundi 90
104 Reykjavík

Febrúar 1998

Laxá í Hvammsveit 1997

Inngangur

Farnar voru tvær rannsóknarferðir í ána, 8. júlí og 17. september. Fyrri ferðin var farin til almennra athugana á seiðabúskap svo hægt yrði að skipuleggja sleppingarnar sem fram fóru viku seinna.

Síðari ferðin var farin til þess að rannsaka klak ársins og afkomu sleppiseiða frá í júlí.

Fiskgengi hlutinn

Júlí

Á fiskgenga hlutanum neðan við Geirmundarfoss fannst nokkuð af seiðum sem öll voru af svipaðri stærð, 8,7 cm löng, 3 ára gömul, árgangur 1994, náttúruleg seiði. Þessi árgangur hefur fundist þarna á hverju ári og er sá eini sem fundist hefur eftir flóðin miklu 1993.

Fáein seiði aðallega 2 ára, en einnig eins árs, fundust á svæðinu neðan við Hólafoss að beygjunni ofan við klöppina þar sem áin hefur verið að breyta sér. All t þetta svæði var þrautveitt og kom á óvart hve lítið var þarna af seiðum, en þetta er eitt besta svæðið í ánni hvað varðar botngerð til seiðauppeldis.

September

Neðan við Geirmundarfoss fannst talsvert af seiðum klöktum í vor (0+). Slæðingur var af 9-10 cm 3+ seiðum. Veitt var niður eftir ánni, niður fyrir vað, og var heldur meira af stærri seiðum er neðar dró.

Í Sælingsdalsá var veitt all stórt svæði ofan við grjótið sem sett var á beygjuna í vor. Hér fannst vottur af 0+ og slangur af 7-8 sm seiðum, 3 ára gömlum.

Ófiskgengi hlutinn

Veitt var ofan við Hólafoss, frá 100 m ofan fossins að stað um 100 metrum neðan við háspennulínuna en þar er beygja á ánni. Einungis varð vart við 2 seiði. Svæðið var einstaklega tómt af seiðum en þarna er botn mjög ákjósanlegur fyrir seiði.

Veitt var þar sem lækurinn frá Laugum kemur í Sælingsdalsá. Þar fundust engin seiði. Botninn þarna er sléttur og skjólllaus.

Leitað var að seiðum í sjálfum læknum sem kemur frá byggðinni að Laugum. Engin seiði veiddust, en vart var við einn fisk um 20 sm langan, sennilega urriða. Sá fiskur getur hæglega hafa gengið í lækinn úr ánni.

Í ófiskgenga hluta Svínadalsár var veitt ofarlega, undir háspennulínunni. Einnig var veitt neðan ræsisins undir þjóðveginn og ofan við brúna á afleggjaranum að Laugum. Alls staðar fundust seiði en lítið var af þeim. Seiðin voru 8,5-10,5 cm löng 3 ára gömul. í kvörnum seiðanna mátti sjá að þau höfðu vaxið mjög illa árið 1995, en það ár var mjög kalt fram eftir sumri og slæmt fyrir laxaseiði í Dölum almennt.

Í september var leitað að seiðum neðan við brúna á Laxá en ekkert fannst. Botninn var sléttur. Veitt var á ófiskgenga hluta Svínadalsár og fundust seiði frá sleppingu sumarsins svo og eldri seiði. Magnið var þó ekki mikið.

Almennt

Þetta er í fyrsta sinn frá 1994 sem náttúrulegt klak finnst í Laxá. Árið 1993 fundust engin seiði frá klaki árið áður og var það eðlilegt vegna þess að botninn umturnaðist í flóðunum þá um vorið. Kuldarnir langt fram eftir sumri 1995 geta skýrt lélegt klak það ár, en ekki eru augljósar skýringar á því hvers vegna klak ársins 1996 fannst ekki. Seiðin frá 1994 eru enn í ánni en fara út næsta vor.

Tafla 1 sýnir lengd seiða á fiskgenga hlutanum árin 1993-1997. Í sumum árum fannst svo lítið af seiðum að sýni voru ekki tekin til aldursgreiningar.

Vöxtur seiða á ófiskgenga hlutanum var mjög góður árin 1994 og 95, eftir það virðist hafa dregið úr honum. Þetta sést í töflu 2. Mest fannst af seiðum 1995. Þau voru úr sleppingu ársins 1994. Þau hafa vaxið illa eftir 1995 og hluti þeirra er enn í ánni og vera má að afföll af þessum seiðum hafi verið yfir meðallagi, hugsanlega vegna mikils þéttleika og lélegs árs 1995. Lítið hefur fundist af sleppiseiðum áranna 1995 og 1996.

Samkvæmt þessu hefur lítið gengið út af seiðum 1996 og 1997. Búst má við að gangan vaxi vorið 1998 og afli fari að aukast í ánni aftur árið 1999. Það virðist vera mismunandi eftir árum hve vel sleppingarnar heppnast. Svo virðist að best hafi tekist til 1994, sleppingin í sumar virðist hafa tekist illa, en það sést ekki almennilega fyrr en næsta sumar.

Á Vesturlandi var smálax sumarsins 1997 vel haldinn, nokkuð sem gefur vissar vonir um þokkalega laxveiði almennt 1998.

Ár:	1993	1994	1995	1996	1997
Aldur/Dags	18/7	1/9	29/7	22/7	8/7
0+		4.0			3.0
1+	6.2	5.7	(6.0)		6.8
2+	7.9			7.9	7.9
3+	11.8 G				8.7

Tafla 1. **Fiskgengi hluti** Laxár í Hvammsveit. Lengd laxaseiða á ýmsum tímum.
G = gönguseiði á útleið.

Ár:	1993	1994	1995	1996	1997
Aldur/Dags	18/7	1/9	29/7	22/7	8/7
0+	Ókomin				5.6
1+	7.4		8.5 ++		8.0
2+	9.5			7.9	
3+	Farin				9.2

Tafla 2. **Ófiskgengi hluti** Laxár í Hvammsveit. Lengd laxaseiða á ýmsum tímum.
++ = mikið af seiðum.

Veiðin 1997

Aflinn 1997 var 24 laxar. Þar af voru 16 smálaxar og 8 stórlaxar, tveir voru sennilega úr eldi en 3 fiska var ekki unnt að aldursgreina. Aldursskipting aflans er sýnd í töflu 3 og á myndum 1 og 2, má sjá þyngdar- og lengdardeifinguna.

Ekki er hægt að draga ályktanir af svona fáum fiskum. Benda má þó á að hlutfall stórlaxa er hátt.


Tafla 3. Aldursdreifing aflans úr Laxá í Hvammsveit 1997. Í svigum er aldursdreifing aflans frá 1996.

2 ár	1 (2)	1 (0)	2 (2)
3 ár	3 (10)	1 (3)	4 (13)
4 ár	7 (17)	6 (2)	13 (19)
5 ár	(2)	(1)	(3)
Úr eldi	2 (2)		2 (2)
Ógreinanlegt	3		3
Samtals:	16 (33)	8 (6)	24 (39)


Sundlaugin

Vegna þess hve lítið hefur veiðst af laxaseiðum í Sælingsdalsá undanfarin ár hefur vaknað grunur um að fiskur drepist þar á vetrum vegna eitraðs affalls (klórs) frá lauginni. Mest hætta er á eitrun að vetri til þegar minnst er í ánum og allt er undir ís. Í svo litlu vatni hefur losun á klór mest áhrif og vegna issins hverfa hugsanleg vegsummerki.

Mynd 1. Þyngdardreifing aflans úr Laxá í Hvammsveit 1996.



Mynd 2. Lengdardreifing aflans úr Laxá í Hvammsveit 1996.



Sett voru 50 -100 laxaseiði í báða lækina frá Laugum til að komast að því hvort þau lifa veturinn. Staðirnir voru merktir og í vor verður athugað hvort seiðin verða þarna enn.